

TILKYNNING

nr. 1/1997 um flutningsjöfnunargjald á olíuvörum.

Samkeppnisstofnun hefur á grundvelli laga nr. 103/1994 um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara ákveðið eftirfarandi flutningsjöfnunargjald á neðangreindum olíuvörum frá og með 1. júní 1997 og gildir gjaldið þar til annað verður ákveðið:

Bifreiðabensín	0,80 kr. á lítra
gasolía	0,85 kr. á lítra
aðrar olíur og blöndur til brennslu	0,75 kr. á kg
flugvélabensín	0,05 kr. á lítra
flugsteinolía (þotuelsneyti)	0,05 kr. á lítra

Samkvæmt 3. gr. laga nr. 103/1994 um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara skulu dreifingaraðilar samkvæmt 1. gr. laganna, aðrir en þeir sem annast innanlandssölu á olíu í öllum landshlutum, greiða flutningsjöfnunargjaldið við innheimtu aðflutningsgjalda miðað við innflutt mótttekið magn. Tollstjórinn í Reykjavík og sýslumenn utan Reykjavíkur annast samkvæmt sömu grein innheimtu gjaldsins og skulu skila því til flutningsjöfnunarsjóðs olíuvara.

Samkeppnisstofnun, Reykjavík, 27. maí 1997.

Georg Ólafsson.

Gunnar G. Þorsteinsson.

Nr. 319

21. maí 1997

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um þinglýsingar, nr. 284 20. maí 1996.

1. gr.

1. mgr. 13. gr. orðast svo:

Þeim sem er nauðsynlegt vegna starfsemi sinnar má veita heimild til að skoða tölvufærðar þinglýsingabækur með beinlínutengingu.

2. gr.

1. mgr. 14. gr. orðast svo:

Dómsmálaráðherra veitir heimild til aðgangs að tölvufærðum þinglýsingabókum með beinlínutengingu að fenginni umsögn tölvunefndar. Slík heimild verður bundin nánari skilyrðum um aðgang að upplýsingum úr þinglýsingabókum og meðferð þeirra.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 53. gr. þinglýsingarlaga nr. 39 10. maí 1978, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 21. maí 1997.

Þorsteinn Pálsson.

Benedikt Bogason.